**Nd.** **110. Breytingartillögur**

við frumvarp til fjáraukalaga fyrir árin 1914 og 1915.

Frá fjárlaganefndinni.

1. Á eftir 1. gr. komi ný grein er verði 2. grein og orðist þannig:
   Sem viðbót við 9. gr. (æðsta stjórn landsins) veitast kr. 600,00
   Við 6. Fyrir brunatjón hjá landsfjehirði ... ... ... ... — 600,00
2. Við 4. gr. Á undan »Við B II« komi nýr liður, er orðist þannig:
   Við 13. gr. A. 3. f. Til Kristins Sigurðssonar og Jens Eyjólfssonar, uppbót fyrir pósthúsbygginguna vegna verðhækkunar á efni, af völdum Norðurálfuófriðarins... ... ... ... kr. 1500,00
3. Við 4. gr. Við D. Fyrir »26,162,27« komi:
   28,172,27.
4. Við athugasemdina síðast í frumvarpinu. Athugasemdin orðist þannig:
   Stjórn Landsbankans veitist heimild til þess að greiða ekkju Alberts Þórðarsonar, Steinunni Kristjánsdóttur, 400 kr. árlegan styrk í 5 ár frá 1. jan. 1914. Greiðist styrkurinn eftir á fyrir hvern ársfjórðung.
5. Aftan við frumvarpið bætist þessi athugasemd:
   Landsstjórninni veitist heimild til þess að kaupa húseignina nr. 12 við Kirkjustræti fyrir alt að kr. 18,000,00, er greiðist úr viðlagasjóði.